

Ár 2011, föstudaginn 26. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, Geir Arnar Marelsson, Guðlaug B. Ólafsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 33/2011**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. júní 2011 með kvörtun sóknaraðila dagsettri 1. júní 2011. Með bréfi nefndarinnar dagsettu 6. júní 2011, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 20. júní 2011. Bréfið var ekki sent sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 26. ágúst 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili fékk bankayfirlit yfir reikning nr. X þann 30. júní 2008. Inneign hans var EUR 20.000. Síðan þá hefur hann ekki fengið yfirlit yfir innstæður sínar í F.

Sóknaraðili sendi F í Frankfurt bréf þann 29. júní 2009 þar sem hann fór meðal annars fram á það að send yrðu gögn um reikninga hans hjá bankanum auk þess að reikningunum yrði lokað. Fyrirspurn sóknaraðila var ekki svarað.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 1. júní 2011.

III.

Umkvörtunarefni.

Lesi má út úr kvörtun varnaraðila að hann krefjist þess að fá yfirlit yfir reiknings sinn nr. X frá 1. júlí 2008 til 31. desember 2008. Auk þess að fá yfirlit yfir reikninginn frá 1. janúar 2009 og þar til reikningnum var lokað.

Varnaraðili vísar til þess að reikningsyfirlitin séu nauðsynleg vegna ýmissa opinberra athafna, eins og framlaga í almannatryggingar, skatta og félagslegra bóta.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Lesi má út úr svörum varnaraðila að hann krefjist þess að kröfu varnaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili bendir á að með bréfi slitastjórnar F, dags. 4. mars 2010, hafi verið tilkynnt með vísan til 17. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar, um uppsögn aðildar F

að samkomulagi því sem gert var 8. júní 2000 milli viðskiptaráðuneytisins, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Sambands íslenskra sparisjóða og Neytendasamtakanna um rekstur úrskurðarnefndar í tengslum við viðskipti við fjármálafyrirtæki. F telur kvörtunina því ekki réttilega beint að bankanum.

Þá vísar varnaraðili til þess að þann 25. maí 2009 hafi verið skipuð slitastjórn fyrir F samkvæmt heimild í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þar með hafi ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sem snúa að meðferð krafna tekið gildi. Varnaraðili bendir á að kærandi hafi lýst kröfu við slitameðferð F og sé málið því ekki tækt til efnismeðferðar hjá úrskurðarnefndinni sbr. d-lið 6. gr. samþykktu hennar, sbr. 6. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991.

V.

Niðurstaða.

Í málinu er deilt um reikningsyfirlit. Sóknaraðili krefst þess að fá afhent reikningsyfirlit frá 1. júlí 2008 og þar til reikningnum var lokað. Lesa má út úr bréfi varnaraðila að hann krefjist þess að málinu verði vísað frá. Varnaraðili vísar máli sínu til stuðnings til þess að hann hafi sagt upp aðild að samkomulagi því sem gert var um rekstur úrskurðarnefndar í tengslum við viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 4. mars 2010. Í 19. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 13. gr. laga nr. 75/2010, kemur fram að fjármálafyrirtæki er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Frá því að 19. gr. a öðlaðist gildi þann 1. janúar 2011 eiga því öll fjármálafyrirtæki aðild að nefndinni og verður málinu því ekki vísað frá á þeim grundvelli.

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Sóknaraðili krefst þess eins og áður segir að fá afhent reikningsyfirlit á tilteknu tímabili. Sóknaraðili hefur enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila og verður framangreind krafa hans ekki metin til fjár. Í ljósi þess að krafa sóknaraðila er ekki fjárhagsleg ber að vísa málinu frá á þeim grundvelli.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 26. ágúst 2011

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson